

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Póllands tók á árunum 1994 og 1995 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands frá 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993 og 25/1993, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/94	27.10.94	Starfsreglur nefndarinnar	27.10.94
2/94	27.10.94	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	27.10.94
3/94	27.10.94	Breyting og leiðrétting á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum	27.10.94
4/94	27.10.94	Breyting á bókun B við samninginn	27.10.94
5/94	27.10.94	Breyting á VII. viðauka	27.10.94
6/94	27.10.94	Breyting á IX. viðauka	27.10.94
1/95	30.05.95	Breyting á VI. viðauka við bókun B	01.06.95

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Rúmeníu tók á árunum 1994 og 1995 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu frá 10. desember 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/1995, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/94	31.01.94	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	31.01.94
2/94	30.05.94	Starfsreglur nefndarinnar	30.05.94
3/94	30.05.94	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	30.05.94
4/94	30.05.94	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum samningsins	01.07.94
5/94	30.05.94	Endurskoðun töflu í IX. viðauka	30.05.94
6/94	30.05.94	Breyting á bókun A	30.05.94
1/95	30.05.95	Breyting á VI. viðauka við bókun B	01.06.95